

Stefna og aðgerðaáætlun V&T '17-'19

Staðan í október 2019

Númer	Aðgerð	Ábyrgð	Staða í nóvember 2018	Staða í mars 2019	Staða í júní 2019	Staða í október 2019
1	Skilgreindar verði, í víðu samráði og með reglubundnu millibili, meiriháttar samfélagslegar áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir og unnið markvisst að því að takast á við þær.	Vísinda- og tækniráð	Niðurstöður úr opnu samráði Vísinda- og tækniráðs um skilgreiningu á brýnustu samfélagslegu áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir á næstu 10 -50 árum liggja fyrir. Haldinn var opinn fundur 19. nóvember 2018 og í framhaldinu vinna nefndirnar sameiginlega að tillögum um áskoranir fyrir tímabilið 2018-2021 sem lagðar verða fyrir Vísinda- og tækniráð til samþykktar á 35. fundi þess, 23. nóvember 2018.	Verkefni lokið.	Verkefni lokið.	Verkefni lokið.
2	Auglýst verður markáætlun til þriggja ára til að efla stöðu íslenskrar tungu í tölvum og tækni.	Vísinda- og tækniráð og mennta- og menningarmálaráðuneyti	Ný markáætlun um tungu og tækni hefur verið auglýst hjá Rannís og er umsóknarfrestur 9. nóvember 2018. Rannís hefur þar með að fullu tekið við framkvæmd verkefnisins og þegar búið er að vinna úr umsóknum er aðgerðinni lokið af hálfu ráðsins.	Verkefni lokið og framkvæmd í höndum Rannís.	Verkefni lokið.	Verkefni lokið.
3	Gerð verður áætlun um miðlun vísinda og tækni frá háskólum og rannsóknarstofnunum til almennings, allra skólastiga og stjórnvalda,og henni hrint í framkvæmd.	Vísinda- og tækniráð	Í aðgerð nr. 1 um skilgreiningu samfélagslegra áskorana fyrir Ísland er miðlunarpáttur. Niðurstaða samfélagslegra áskorana mun liggja fyrir nú í nóvember, og þá verða þrjár áskoranir samþykktar. Framhald miðlunaráætlunar verður ákveðið strax eftir áramót.	Nýjar vísinda- og tækninefndir fjölluðu um aðgerðina á fyrsta fundi sínum í febrúar. Nánari skilgreining og verkáætlun verður samþykkt í vor.	Aðgerðin hefur tafist. Verkáætlun mun liggja fyrir haustið 2019.	Aðgerðin hefur frestast og lagt er til að hún verði útfærð nánar í næstu stefnu og aðgerðaáætlun og brotin upp í þætti. Bæði þarf að skýra hverju á að miðla (niðurstöðum rannsókna, miðlun um Vísinda- og tækniráð) og að hverjum hún á að beinast; skólum, stjórnvöldum, almenningi eða fagfólki. Fyrirsjáanlegt er að nokkur kostnaður hljóti af aðgerðinni.
4	Gæði og skilvirkni háskólastarfs verða aukin, meðal annars með því að efla fjármögnun með það að markmiði að hún nái meðaltali OECD árið 2020 og Norðurlanda árið 2025.	Mennta - og menningarmálaráðuneyti	Fyrir liggja bráðabirgðarútreikningar um fjárförf háskólanna miðað við markmið um að fjármagna þá í takt við meðaltal OECD. Stefnt er að samtali við fjármála- og efnahagsráðuneyti um næstu skref.	Á næstu dögum verður óskað tilnefningum í sjö manna starfshóp þar sem tveir eru tilnefndir af mennta- og menningarmálaráðherra, tveir af Vísindanefnd, tveir af Samstarfsnefnd háskólastígsins og einn frá Landssambandi íslenskra stúdenta. Er höpnum ætlað að fjalla um skýrslu um endurskoðun á reglum um fjárveitingar til háskóla (aðgerð 5) og leggja fram tillögur að því hvernig fjárveitingar stjórnvalda geti sem best stutt við langtíamarkmið um gæði og árangur í rannsóknum og kennslu. Höpurinn mun skila tillögum til ráðherra í nóvember 2019.	Unnið er að því að skipa starfshóp og um hana í starfshópi sem skipaður verður samkvæmt aðgerð 4. Mun starfshópurinn skipuleggja samráð um breytingar á reiknilíkani og leggja fram tillögur til ráðherra fyrir áramót 2019/2020.	Starfshópur mun m.a. fjalla um grænbók um háskóla (sjá aðgerð 5). Skv. nýrri úttekt OECD sem sýnir tölur fyrir árið 2016 hefur fjármögnun háskóla hækkad í 94% af meðaltali OECD úr 81% árinu áður.
5	Reiknilíkan háskóla verður endurskoðað með það fyrir augum að styðja betur við gæði í háskólastarfi.	Mennta - og menningarmálaráðuneyti	Lok áfangaskýrslu hafa dregist. Stefnt er að því að hún verði nýtt til samráðs fyrri hluta árs 2019.	Unnið er að því að ljúka skýrslu um reiknilíkan og mun hún liggja fyrir í apríl 2019. Hún verður grunnur í vinnu starfshóps um gæði og skilvirkni háskóla (sjá aðgerð 4).	Grænbók liggur fyrir og verður fjallað um hana í starfshópi sem skipaður verður samkvæmt aðgerð 4. Mun starfshópurinn skipuleggja samráð um breytingar á reiknilíkani og leggja fram tillögur til ráðherra fyrir áramót 2019/2020.	Grænbók um háskóla, sem er grunnur að endurskoðun líkansins er kynnt á fundi ráðsins í október 2019. Starfshópi sem skipaður er skv. aðgerð nr.4 verður falið að leggja fram tillögu að reiknilíkani eftir samráð.
6	<input type="checkbox"/> Vísinda- og tækniráð leggur mat á niðurstöður sérfræðingahóps um mannafla- og færnisþár á íslenskum vinnumarkaði.	Vísinda- og tækniráð	Aðgerðinni er lokið af hálfu ráðsins með því að tillögur skýrslu sérfræðingahóps voru kynntar og ræddar á fundi ráðsins 28. sept 2018. Ákveðið var að hafa tillögurnar til hlösjónar við mótun nýrrar stefnu ráðsins. Sú vinna hefst í byrjun árs 2019.	Verkefni lauk í sept 2018.	Verkefni lauk í sept 2018.	Verkefni lauk í sept 2018.
7	Gerð verður úttekt á skattalegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar á Íslandi, mat lagt á áhrif nýlegra lagabreytinga og unnar tillögur um hvernig megi þróa umhverfið áfram í átt að því sem best þekktist í nágrannalöndunum.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Töluverð greiningarvinna hefur farið fram hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Hafa niðurstöður m.a. verið nýttar við gerð frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Nái það fram að ganga mun skattaivilnun í formi skattafrádráttar vegna hlutabréfakaupa, sem verið hefur í gildi frá miðju ári 2016, verða framlengd um þrjú ár og skilyrði til að nýta sér skattafrádrátt hlutabréfakaupa verða rýmkuð. Einnig verða viðmiðunarfjárhæðir vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar hákkðar. Þá er fyrirhugað að skipa starfshóp fyrir áramót til að vinna úttekt á skattalegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar og meta áhrif laga sem innihalda ákvæði um sérstakan stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Miðað er við að niðurstöður liggi fyrir í júní 2019, sem er í samræmi við áætluð verklok samkvæmt Stefnu og aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs 2017 – 2019.	Frá því aðgerðin var samþykkt hafa orðið töluverðar breytingar á skattalegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar sem aðgerðin nær til. Þau úræði sem samþykkt voru árið 2016 sem tímabundin úræði hafa ýmist verið framlengd eða gerð varanleg, ásamt því að aukid hefur verið við stuðning við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja. Breytingarnar tóku gildi 1. janúar síðastliðinn. Mat á umfangi samkvæmt eldri lögum hefur farið fram, greining á samsetningu fyrirtækja stendur yfir ásamt undirbúningi á mati á verkefnum. Eftir er að meta ýmis álitamál, s.s. hvort skerpa eigi á skilyrðum fyrir ivilnunum sem þessum. Í ljósi þeirra aðgerða sem þegar hefur verið gripið til er ekki talin þörf á að skipa starfshóp. Miðað er við að samantekt á skattalegu umhverfi og aðgerðum verði tilbúin í júní.	Samantekt fjármála- og efnahagsráðuneytisins ásamt tillögum að aðgerðum er í lokadögum. Fyrirhugað er að leggja samantektina ásamt tillögum fyrir starfsnefnd Vísinda- og tækniráðs í framhaldinu til samráðs og endurskoða hana í haust með hlösjón af athugasemdom sem berast.	Skýrsla fjármála - og efnahagsráðuneytis var kynnt starfsnefndum ráðsins í september ásamt því að óskað var eftir athugasemdom og ábendingum. Lokaskýrsla verður lögð fyrir ráðið á fundi þess í nóvember 2019.
8	<input type="checkbox"/> Lagt verður mat á stuðningskerfi atvinnulífs og stofanaumhverfi með það að markmiði að skoða hvernig auka megi árangur og bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins svo hún verði í takt við það sem best þekktist í nágrannalöndunum.	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Vinna við mótun heilstæðrar nýsköpunarstefnu er hafin. Stýrihópur hefur tekið til starfa sem og verkefnisstjórn. Stefnumótunarvinna er unnin í samvinnu við hagaðila á sviði nýsköpunar og í samvinnu við önnur ráðuneyti, þ.á.m. mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Greining á stuðningskerfi atvinnulífs og stofnanaumhverfis er hluti af stefnumótunarvinnunni. Skoðað er hvaða þættir stuðningskerfisins virka vel og hverju þarf að breyta til aukinnar skilvirkni, bættrar samkeppnishæfni og betra samfélags. Lögð er áhersla á samstarf við frumkvöðla og fyrirtæki í nýsköpun á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins og samtal við þá aðila sem mynda stuðningsumhverfi nýsköpunar hér á landi. Greiningarvinna byggir einnig á gögnum og skýrslum á sviði nýsköpunar, svo sem skoðanakönnun um nýsköpun í opinberri stjórnsýslu „Nýsköpunarvuginni 2018“ og skýrslu norrænu ráherranefndarinnar um vistkerfi nýsköpunar á Norðurlöndum („An integrated and effective Nordic ecosystem for innovation and green growth) sem kom út í nóvember á þessu ári.	Verkefni um mótun nýsköpunarstefnu stendur yfir, áætlað er að skila skýrslu í maí. Meðal víðfangsefna stefnunnar er greining á stuðningsumhverfi nýsköpunar og tillögur um hvernig auka megi árangur og samkeppnishæfni atvinnulífsins. Safnað hefur verið upplýsingum og fundað með fjölda frumkvöðla og fyrirtækja og einnig fulltrúum þeirra sem mynda stuðningskerfi nýsköpunar. Lögð er áhersla á að ná til fulltrúa landsbyggðarinnar. Stefnumótunarvinnan byggir einnig á samráði við aðra stefnumótunarvinnu sem unnið er að um þessar mundir, svo sem aðgerðaáætlun um loftslagsmál, orkustefnu, hönnunarstefnu, matvælastefnu, menntastefnu, velferðarstefnu og nýsköpun í opinberum rekstri. Samstarf við Norðurlönd um stuðningskerfi nýsköpunar nýttist sem innlegg í nýsköpunarstefnu sem og skýrslur erlendra aðila um þessi málefni.	Vinna verkefnisstjórnar og stýrihóps um nýsköpunarstefnu er langt komin og gert er ráð fyrir að formaður stýrihóps skili samantekt og tillögum höpsins til ráðherra Ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunar í lok júní.	Drög að nýsköpunarstefnu voru kynnt ráðherra í lok júní og mynda þau grunninn að nýrri nýsköpunarstefnu sem mun verða kynnt opinberlega í byrjun október. Markmið stefnunnar er að gera Ísland betur í stakk búið til að mæta áskorunum framtíðarinnar með því að byggja upp traustan grundvöll fyrir hugvitsdrifna nýsköpun á öllum sviðum. Í tengslum við stefnumótunarvinnuna fór m.a. fram greining á stuðningskerfi atvinnulífs og stofnanaumhverfis, með það að markmiði að auka árangur og bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins. Í stefnunni eru tiltekin 70 áhersluatriði til eflingar nýsköpunar á Íslandi og er þeim skipt í fimm flokka; Hugafarar, fjármagn, markaðsaðgengi, umgjörð og mannaud. Af þeim áherslum verða 10-15 þeirra settar í forgang við nánari útfærslu og gerð aðgerðaáætlaða á einstökum sviðum sem kynntar verða á næstu mánuðum.
9	Unninn verður vegvisir um rannsóknarinnviða og alþjóðleg þátttaka í innviðum eflid.	Mennta - og menningarmálaráðuneyti	Skýrsla um niðurstöður kortlagningar er í lokadögum. Skýrsla um fyrirkomulag vegvísis er einnig í lokadögum og starfshópur er að ganga frá tillögum um umsóknarferli í Innviðasjóð. Frumvarp til laga um breytingar á lögum 3/2003 sem lagt verður fram nú á haustþingi 2018 inniheldur ákvæði um sjálfstæða stjórn yfir Innviðasjóði. Sú ráðstöfun er til að styrkja sjóðinn.	Skýrsla um kortlagningu rannsóknarinnviða er tilbúin. Skýrsla um fyrirkomulag vegvísiss er í lokadögum. Jafnframt eru breytingar á stjórn Innviðasjóðs í frumvarpi sem hefur verið lagt fram á Alþingi og gert er ráð fyrir að verði að lögum fyrir þinglok.	Lagabreytingar sem fela í sér aðskilnað stjórna Innviðasjóðs og Rannsóknasjóðs voru samþykktar á vorþingi. Svonefnt ERIC frumvarp sem felur í sér þátttöku í alþjóðlegu innviðastarfi var einnig samþykkt á Alþingi í vor. Skýrsla um Rannsóknarinnviði verður uppfærð í samræmi við nýsamþykkt lög um ERIC. Unnið er að því að skipa nýja stjórn Innviðasjóðs sem mun auglýsa eftir umsóknum um styrki í sjóðinn og að ljúka við gerð vegvísiss sem verður á fyrri hluta árs 2020.	Stjórn Innviðasjóðs var skipuð í október 2019. Mun hún fá í hendur skýrslur um fyrirkomulag vegvísiss og um kortlagningu rannsóknarinnviða og á grundvelli þeirra ljúka vinnu við vegvísí á árinu 2020.
10	Unnin verður stefna um opinn aðgang að gögnum.	Mennta - og menningarmálaráðuneyti	Verkefnið hófst formlega með fundi með fulltrúum ráðuneytis, Landsbókasafns- háskólabókasafns og Rannís 12. nóvember 2018. Verkefnishópur verður settur á laggirnar og ákveðið var að heiti verkefnisins yrði Stefna um opin vísindi. Í því felst hvortveggja opin aðgangur að gögnum og birtingum. Drög að verkefnisáætlun verða rædd á næsta fundi hópsins 17. 12. 2018.	Starfshópur um opin vísindi með aðkomu MRN, Landsbókasafns- Háskólabókasafns, Rannís, Háskóla Íslands og Landspítala hefur fundað reglulega frá því í desember. Verkefnaáætlun er í samþykktarferli innan ráðuneytis. Áætlað að tillögum verði skilað til ráðherra í lok árs 2019.	Verkefninu var skipt í tvennt. Fyrir hluti þess fjallar um opinn aðgang að niðurstöðum rannsókna. Tillögur að stefnu munu verða settar í samráð í sumar og haust 2019 og skilað til ráðherra í kjölfarið. Seinni hluti verkefnisins fjallar um opin rannsóknargögn og verður unnið að honum haustið 2019. Verkefninu lýkur á árinu 2019.	Tillögur um stefnu um opinn aðgang að rannsóknarniðurstöðum verða settar í samráð haustið 2019 (ferli hefur seinkað). Unnið er að gerð tillagna um opinn aðgang að rannsóknargögnum sem verða tilbúnar fyrir árslok.